



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands  
2008-2009

Skýrsla fjarnámsstjóra

## Efniyfirlit

Inngangur .....	3
Sumarönn 2008 .....	3
Haustönn 2008 .....	3
Vorönn 2009 .....	4
Sumarönn 2009 .....	4
Fjarnemendur .....	5
Ársmemendur .....	6
Tafla 1. Fjöldi ársnemenda á önn árin 2006, 2007 og 2008 og á vorönn 2009. ....	6
Mynd 1. Mæting í fjarnámspróf eftir önnum. ....	7
Lokapróf.....	7
Stúdentspróf og verslunarpróf.....	7
Áfangar í boði .....	8
Nemendakannanir .....	8
Fullorðinsfræðsla .....	9
Nám fyrir skólaritara og skrifstofustjóra.....	9
Nám fyrir atvinnulausa karlmenn .....	9
Nám fyrir sjúkraliða.....	10
Nám fyrir starfsmenn Ferðapjónustu bænda.....	10
Nám á vegum Íslandspósts.....	10
Nám fyrir nemendur Tollskóla ríkisins.....	10
Lokaorð .....	10
Viðauki: Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.....	11

## **Inngangur**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Á þeim tíma hefur nemendafjöldi á önn fimmfaldast. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2008-2009.

## **Sumarönn 2008**

Á sumarönn 2008 voru áfangar í boði 133. Að auki voru 5 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans, eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar í ágúst 2008. Kennarar á sumarönn voru 50 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 20. maí til 2. júní. Nemendur fengu sendar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti jafnóðum. Fyrstu nemendurnir fengu aðgangsorð að kennslukerfinu þann 3. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin var 9 kennsluvikur og próf voru dagana 6. til 13. ágúst.

Alls voru 714 nemendur skráðir í fjarnám á sumarönn 2008 og var þetta fjölmennasta sumarönnin frá upphafi fjarnáms við VÍ. Af þessum fjölda voru 110 (15,4%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 604 (84,6%) komu annars staðar frá. Af þessum 714 nemendum voru konur 445 (62,3%) og karlar 269 (37,7%). Meðalaldur fjarnemenda var 21,8 ár. Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu þessa önnina var fæddur 1989 (160 nemendur), en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Að meðaltali tók hver nemandi tæpar 6 einingar.<sup>1</sup>

Nemendur á sumarönn voru skráðir í 1445 áfanga sem alls gáfu 4037 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2720 einingar en það gera 67,4% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 77,7 ársnemendur.

## **Haustönn 2008**

Á haustönn 2008 voru áfangar í boði 136. Að auki voru 5 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar í lok haustannar 2008. Kennarar á haustönn voru 50 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á haustönn fór fram dagana 25. ágúst - 7. september. Kennsla hófst þann 8. september en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 30. nóvember - 14. desember.

Alls voru 815 nemendur skráðir í fjarnám á haustönn 2008 og var þetta fjölmennasta haustönnin frá upphafi fjarnáms við VÍ. Þar af voru 48 (5,9%) nemendur líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 767 (94,1%) komu annars staðar frá. Alls voru 144 (17,67%) nemendur grunnskóla. Af þessum 815 nemendum voru konur 520 (63,8%) og karlar 295

---

<sup>1</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2008 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/sumar\\_2008/](http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/sumar_2008/).

(36,2%). Meðalaldur fjarnemenda var 23,9 ár. Fjölmennustu árgangarnir þessa önnina voru fæddir 1989 (109 nemendur), en þeir voru þá væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla og nemendur fæddir 1993 (109 nemendur), en þeir voru þá í 10. bekk grunnskólans. Að meðaltali tók hver nemandi tæpar 6 einingar.<sup>2</sup>

Nemendur haustannar voru skráðir í 1776 áfanga sem alls gáfu 4648 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2796 einingar en það voru 60,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 79,9 ársnemendur.

### **Vorönn 2009**

Á vorönn 2009 voru áfangar í boði 138. Að auki voru 6 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar vor 2009. Kennarar á vorönn voru 52 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á vorönn fór fram dagana 6. til 19. janúar. Kennsla hófst þann 20. janúar en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 29. apríl til 15. maí.

Alls voru 895 nemendur skráðir í fjarnám á vorönn 2009 og höfðu þeir aldrei verið fleiri á nokkurri fjarnámsönn áður. Af þessum fjölda voru 136 (15,2%) líka í dagskóla Verzlunarskólans og 113 (12,6%) líka í grunnskólum landsins. Konur voru 543 (60,7%) og karlar 352 (39,3%). Meðalaldur fjarnemenda var 23,6 ár. Fjölmennasti árgangurinn voru nemendur fæddir 1989 (128 nemendur), en þeir voru á fjórða ári í framhaldsskóla á vorönn 2009. Að meðaltali tók hver nemandi rúmlega 6 einingar.<sup>3</sup>

Fjarnemendur á vorönn voru skráðir í 1911 áfanga sem alls voru 5331 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3119 einingar en það voru 58,5% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 89,1 ársnemanda.

### **Sumarönn 2009**

Á sumarönn 2009 eru áfangar í boði 139. Að auki eru 5 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans, eða fjarnemendur sem þurfa að taka þessa áfanga vegna útskriftar í ágúst 2009. Kennarar á sumarönn eru 51, þar af er einn að fjarkenna í fyrsta sinn.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 20. maí til 2. júní. Nemendur fengu aðgangsorð að kennslukerfinu send þann 3. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin er 9 vikur og próf verða dagana 5. til 12. ágúst.

Þegar þetta er skrifað, eru 965 nemendur skráðir í fjarnámið og er þetta þar með fjölmennasta fjarnámsönn frá upphafi. Þessir nemendur eru skráðir í 2013 áfanga sem

<sup>2</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2008 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/haust\\_2008/](http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/haust_2008/).

<sup>3</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2009 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor\\_2009/](http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2009/).

gefa 5657 einingar. Að meðaltali er hver nemandi skráður í tæpar 6 einingar. Ef gert er ráð fyrir 60% - 70% mætingu í próf, mun sumarönnin skila 97 -113 ársnemendum.

## **Fjarnemendur**

Þegar hópur fjarnemenda er skoðaður þessar fjórar annir sem fjallað er um í þessari skýrslu, kemur í ljós ýmislegt forvitnilegt.

Fjöldi nemenda fer vaxandi frá önn til annar. Sumarið 2008 voru 714 nemendur skráðir í fjarnám, þá 815 á haustönn 2008 og loks 895 á vorönn 2009. Nemendur á sumarönn 2009 verða mjög nálægt 1000.

Nemendur VÍ voru hlutfallslega fæstir á haustönn 2008 (5,9%), en hlutfallslega flestir á sumarönn 2008 og vorönn 2009 (um 15% á hvorri önn). Skýringin á þessu er sú að nemendur VÍ sem falla í áföngum á haustönn, taka endurtektarpróf í janúar og þeir sem falla aftur þá, taka áfanga í fjarnámi á vorönn. Nemendur VÍ sem falla svo í áföngum í maí, taka endurtekt í júní og þeir sem falla aftur þá, taka fjarnámsáfanga á sumarönn. Á haustönn eru því ekki VÍ nemendur sem hafa fallið í áföngum.

Nemendur grunnskóla voru flestir á haustönn 2008, eða um 18% af fjölda nemenda. Á vorönn 2009 voru grunnskólanemendur tæplega 13% og mjög ekki skráðir sérstaklega á sumarönnum. Flestir nemendur grunnskóla í fjarnámi hafa lokið samræmdum prófum og þeir taka fjarnámsáfanga á haustönn. Á vorönn taka grunnskólanemendur síður fjarnámsáfanga því þá þykir flestum nóg að undirbúa sig fyrir lokapróf í sínum skólum.

Konur eru í miklum meirihluta fjarnemenda, eða 62,3% á sumarönn 2008, þá 63,8% á haustönn 2008 og loks 60,7% á vorönn 2009. Athyglisvert er að hlutfall kvenna lækkar á vorönn, en svipaðar niðurstöður fengust einnig fyrir skólaárið 2007-2008. Lækkunin er þó óveruleg.

Meðalaldur nemenda var um 24 ár veturinn 2008-2009, en aðeins lægri sumarið 2008. Svipaðar niðurstöður fengust fyrir skólaárið 2007-2008. Þetta kemur á óvart þar sem grunnskólanemendur sem lækka meðalaldur fjarnemenda, sjást varla í fjarnámi á sumrin. Lægri meðalaldur fjarnema á sumrin gæti verið hægt að skýra með því að eldri nemendur sem hafa fyrir fjölskyldum að sjá og stunda fulla vinnu taka sér gjarnan frí frá námi á sumrin. Megin uppistaða fjarnemenda á sumrin eru nemendur á framhaldsskólaaldri, svo sem:

- Nemendur bekkjaskóla sem hafa fallið í áfanga um veturinn og verða að taka þá áfanga í fjarnámi til að færast upp um bekk næsta haust.
- Nemendur áfangaskóla sem hyggja á útskrift um jól eða næsta vor og eru að flýta fyrir sér með því að taka áfanga í fjarnámi.
- Nemendur áfanga- og bekkjaskóla sem féllu á prófum í vor og gátu þar með ekki útskrifast og stefna á útskrift í ágúst.
- Nemendur sem hafa lokið við stúdentspróf og eru að undirbúa sig fyrir háskólanám með því að taka áfanga í fjarnámi.

Meðalaldur fjarnemenda er 24 ár, þrátt fyrir mikinn fjölda grunn- og framhaldsskólanemenda í fjarnáminu. Það gefur til kynna að í fjarnáminu okkar fer fram fullorðinsfræðsla ekki síður en fræðsla grunn- og framhaldsskólanema.

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur er um 6 einingar á önn og gildir það sama um haust-, vor- og sumarannir.

## Ársmemendur


Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 6941 þreyttar einingu, en það eru alls 198,3 ársnemendur. Árið 2007 komu 191,9 ársnemendur úr fjarnáminu. Árið 2008 voru þeir 235,9 og það sem af er árinu 2009 hefur fjarnámið skilað af sér 89,1 ársnemanda. Þetta kemur fram í töflu 1.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
<b>Alls fjarnám 06</b>	<b>1918</b>	<b>5,43</b>	<b>10406</b>	<b>6941</b>	<b>198,3</b>	<b>66,7</b>
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
<b>Alls fjarnám 07</b>	<b>2103</b>	<b>5,62</b>	<b>11829</b>	<b>6690</b>	<b>191,9</b>	<b>56,56</b>
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
<b>Alls fjarnám 08</b>	<b>2340</b>	<b>5,78</b>	<b>13531</b>	<b>8255</b>	<b>235,9</b>	<b>61,01</b>
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5

Tafla 1. Fjöldi ársnemenda á önn árin 2006, 2007 og 2008 og á vorönn 2009.

Þegar tafla 1 er skoðuð, kemur í ljós að mæting í próf er um 60% á vor- og haustönnum 2006. Þetta hlutfall er sýnu verra á vor- og haustönnum 2007, enda voru endurgreiðslur lækkaðar úr 3000 krónur per einingu í 1000 krónu á einingu haustönn 2006 og þeim síðan alveg hætt á vorönn 2007. Á vor- og haustönnum 2008 er mæting í próf um 60% eins og

á vor- og haustönnum 2006. Á sumarönnum er mæting í próf best, eða 78% á sumarönn 2006 og 61% á sumarönn 2007 og 67,4% á sumarönn 2008. Þetta kemur vel fram á mynd 1.



Mynd 1. Mæting í fjarnámspróf eftir önnum.

Ef meðalmæting á önn er reiknuð út frá gildum í töflu 1, kemur í ljós að hún er einungis tæplega 61%.

### **Lokapróf**

Prófdagar eru á svipuðum tíma á hverri önn og ætti það að auðvelda nemendum og starfsfólki að gera ráðstafanir vegna þeirra. Þessar dagsetningar eru auglýstar á netinu með góðum fyrirvara og er t.d. núna búið að setja á netið dagsetningar vegna haustannar 2009 og vorannar 2010.

Langflestir nemendur taka próf í húsnæði VÍ. Um 20% prófa eru þó tekin annars staðar, ýmist á Íslandi eða vítt og breitt um heimskringluna. Úti á landi hafa framhaldsskólar og grunnskólar séð um prófin fyrir okkur. Erlendis hafa starfsmenn sendiráða og ræðismannaskrifstofa séð um próf, ef slíkar skrifstofur er ekki að finna í nágrenni við nemendur er hægt að taka próf í skólastofnunum eða á öðrum viðurkenndum stöðum.

### **Stúdentspróf og verslunarpróf**

Fimm nemendur útskrifuðust með stúdentspróf frá VÍ í lok haustannar 2008. Eftir haustönn 2008 útskrifuðust tveir stúdentar, annar í desember og hinn í febrúar. Í maí 2008 voru átta fjarnemendur í hópi nýstúdentna frá skólanum og einn nemandi til viðbótar útskrifaðist viku seinna. Af þessum 16 nemendum, áttu 13 það sameiginlegt að hafa verið í dagskóla Verzlunarskólans um tíma, en hætt af ýmsum ástæðum og síðan lokið

við markmiðið í fjarnámi. Hinir þrír komu úr öðrum framhaldsskólum, en tóku meiri hluta áfanga til stúdentsprófs í fjarnámi við VÍ. Einn nemandi útskrifaðist með verslunarpróf í fjarnámi á vorönn 2009.

## **Áfangar í boði**

Áföngum í boði í fjarnámi hefur fjölgað frá önn til annar. Þannig voru þeir 133 sumaríð 2008, 136 á haustönn 2008, 138 á vorönn 2009 og 139 á sumarönn 2009. Að auki hafa verið í boði svo kallaðir hulduáfangar, en það eru áfangar sem eingöngu eru í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurfa að taka þessa áfanga vegna útskriftar á önninni. Mikilvægt er að bjóða alla áfanga opinberlega fyrir alla nemendur og hætta með huldufjarnámsáfanga.

Áfangar í boði í fjarnámi Verzlunarskólans hafa alls verið 164. Sjá viðauka. Áfangarnir eru í samræmi við námskrá framhaldsskóla og sömu kröfur eru gerðar í fjarnámi og staðbundnu námi dagskólans. Það er tryggt með því að sambærilegt námsefni er í báðum tilfellum, kennarar dagskólans kenna í fjarnáminu og sambærileg próf eru lögð fyrir fjar- og dagskólanemendur.

Deildir í samráði við fjarnámsstjóra hafa ráðið hvaða áfangar hafa verið í boði í fjarnámi hverju sinni. Veturinn 2008-2009 var markmiðið að bjóða í fjarnámi alla áfanga sem kenndir eru í dagskóla VÍ. Þetta markmið náðist ekki af ýmsum ástæðum. Áfangar í dagskóla VÍ sem ekki hafa enn verið boðnir í fjarnámi til þessa eru:

- Náttúrufræðibraut: EFN213, STÆ523, STÆ703
- Málabraut: ÍSL603, LAT202, LAT302
- Viðskiptabraut: BÓK313, MAR102, MAR202, REK213, REK313, REK322

Af þessum áföngum hafa 6 verið í boði sem huldufjarnámsáfangar, en það eru:

- BÓK313, MAR202, REK213, REK313, REK322 og STÆ703

Brýnt að setja þá í boð sem fyrst og huga síðan að þeim 6 sem eftir eru:

- EFN213, STÆ523, ÍSL603, LAT202, LAT302 og MAR102.

Ekki er líklegt að fleiri en tvær einingar verði boðnar í fjarnámi í íþróttum og fjarnemendur taka því ekki hinar 6 einingarnar. Sömuleiðis er ekki líklegt að lífsleikni verði boðin í fjarnámi og fjarnemendur sleppa því þeim einingum.

## **Nemendakannanir**

Í lögum um framhaldsskóla er skólum gert að meta starf sitt. Mjög mikilvægt er að skapa matsramma fyrir fjarnám Verzlunarskóla Íslands. Markmiðið er að tryggja gæði fjarnámsáfanga, til jafns við áfanga dagskólans. Á vorönn 2008 var farið út í jafningjamat sem fór þannig fram að fjarkennarar heimsóttu áfanga hvers annars og gáfu



umsögn. Tilgangurinn var tvíþættur: Annars vegar að gestkomandi kennari gæti lært af því sem fyrir augu hans bæri og hins vegar að ábendingar hans gætu nýst hinum kennaranum til að betrubæta sinn áfanga. Hugmyndin á bak við jafningjamatið var þó fyrst og fremst sú að matsferlið sjálft leiddi til umbóta á fjarnámsáföngum og yrði það undirbúningur fyrir nemendakannanir sem framkvæma átti veturinn 2008-2009.

Á haustönn 2008 og vorönn 2009 voru kannanir á gæðum fjarnáms og fjarkennslu lagðar fyrir nemendur. Um var að ræða sömu könnun í báðum tilfellum. Þessar kannanir voru lagðar fyrir nemendur í kennslukerfinu, á haustönn 2008 á „Marmaranum“ í kennslukerfinu, en á vorönn 2009 var útbúinn sérstakur áfangi sem allir nemendur höfðu aðgang að. Niðurstöður voru í flestum tilfellum mjög jákvæðar í garð fjarnámsins og er fjallað um þær í sérstökum skýrslum fjarnámsstjóra. Hægt er að nálgast þær skýrslur í gagnasmiðju kennslukerfisins.

### **Fullorðinsfræðsla**

Verslunarskóli Íslands stendur fyrir margs konar fullorðinsfræðslu. Annars vegar er um að ræða námskeið sem skipulögð eru í samvinnu við Framvegis, miðstöð um símenntun. Má þar nefna nám fyrir skólaritara og skrifstofustjóra, námskeið fyrir atvinnulausa, fjarnám fyrir sjúkraliða og fjarnám fyrir starfsfólk Ferðaþjónustu bænda. Hins vegar er um að ræða námskeið sem skólinn sér um í samstarfi við fyrirtæki og skóla úti í bæ. Má þar nefna námskeið í samstarfi við Íslandspóst og Tollskóla ríkisins.

Síðast en ekki síst er mikill fjöldi fullorðinna nemenda í fjarnámi hjá okkur og er sá þáttur veigamesti hluti fullorðinsfræðslu skólans.

### **Nám fyrir skólaritara og skrifstofustjóra**

Nemendur í skólaritara- og skrifstofustjóranámi voru brautskráðir við hátíðlega athöfn frá Verzlunarskóla Íslands í maí 2009. Þessir nemendur hófu nám við skólann á vorönn 2008. Námið tók þrjár annir og var blanda af staðbundnum lotum í húsnæði Verzlunarskólans og fjarnámi sem fór fram í gegnum kennslukerfið. Kennarar VÍ sáu að mestu um kennsluna, en þó með tveimur undantekningum: Kennari kom frá Rauða krossinum til að kenna skyndihjálp og starfandi sjúkraþjálfari kenndi líkamsbeitingu. Af þeim 16 nemendum sem hófu nám í ársbyrjun 2008, luku 15 námi. Á haustönn 2008 tók hver skólaritari 8 námseiningar og 7-8 á vorönn 2009.

### **Nám fyrir atvinnulausa karlmenn**

Á vorönn 2009 voru tvö námskeið haldin fyrir atvinnulausa karlmenn í húsnæði Verzlunarskólans. Var annars vegar um að ræða staðbundið námskeið sem bar nafnið „Kýldu á það“ og hins vegar tölvunámskeið sem fékk nafnið „Kýldu áfram á það“ (TÖN121) í fjarnámi fyrir sama hóp. Fjórir kennarar sáu um kennslu á fyrra námskeiðinu, einn tölvukennari frá VÍ en hinir þrír komu annars staðar frá. Tölvukennari Verzlunarskólans sá um kennsluna á seinna námskeiðinu. Fyrra námskeiðið sóttu 15 karlmenn og 11 það síðara.

## **Nám fyrir sjúkraliða**

Á haustönn 2008 voru þrjú fjarnámskeið fyrir sjúkraliða haldin. Þetta voru námskeið um innra vægi líkamans, lyfjahvarfafræði og öldrunarlyfjafræði. Alls sóttu 23 nemendur þessi þrjú námskeið. Á vorönn 2009 var haldið fjarnámskeið í öldrunarlyfjafræði fyrir 14 nemendur. Í öllum tilfellum komu kennarar frá FÁ.

## **Nám fyrir starfsmenn Ferðaþjónustu bænda**

Á vorönn 2009 var haldið fjarnámskeið fyrir starfsmenn Ferðaþjónustu bænda. Námskeiðið bar nafnið „Þjónustan er fjöreggið“. Alls tóku 11 ferðaþjónustuaðilar þátt í þessu námi. Kennarinn sem stóð fyrir námskeiðinu hafði frumkvæðið að námskeiðahaldinu og fékk Framvegis og Verzlunarskólann til liðs við sig.

## **Nám á vegum Íslandspósts**

Nemendur frá Íslandspósti höfðu aðgang að kennslukerfinu veturinn 2008-2009 eins og þeir höfðu haft veturinn áður. Þessir nemendur tóku námskeið á vegum Íslandspóst um þjónustu og vöruframboð. Starfsmenn Íslandspósts sjá um kennsluna.

## **Nám fyrir nemendur Tollskóla ríkisins**

Á vorönn 2009 voru nemar frá Tollskóla ríkisins í bókfærslu á vegum Verzlunarskólans. Áfanginn var nefndur BÓK112 og fór kennsla fram annars vegar í staðbundnum lotum og hins vegar í fjarnámi. Alls luku 8 nemendur við námið og tveir kennarar Verzlunarskólans sáu um kennsluna.

## **Fyrirlestrar**

Í byrjun haustannar 2008 hélt fjarnámsstjóri fyrirlestur á ráðstefnu 3F og HR um fjarkennslu. Fyrirlesturinn var tekinn upp og er hægt að skoða upptökuna á þessari slóð: <http://radstefna.wetpaint.com/page/G1%C3%A6rur+fr%C3%A1+fyrirlesurum>.

## **Lokaorð**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 4 ár. Starfsmenn skólans hafa lagt metnað sinn í að standa eins vel að því og kostur er. Við höfum siglt seglum þöndum og stefnt á það að vaxa með hverri önninni sem hefur liðið. Nú eru hins vegar blikur á lofti og horfur á að við þurfum að rifa seglin. Mikilvægt er að vel verði að því verki staðið.

Arnarfirði á miðsumri 2009  
*Sigurlaug Kristmannsdóttir*  
fjarnámsstjóri VÍ

**Viðauki:** Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.

H2005	V2006	S2006	H2006	V2007	S2007	H2007	V2008	S2008	H2008	V2009	S2009
				ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102
	ALP104	ALP104	ALP104								
	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203
				ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302
BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103
	BÓK201	BÓK201	BÓK201	BÓK201		BÓK201	BÓK201		BÓK201	BÓK201	BÓK201
	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203
							BÓK313	BÓK313	BÓK313	BÓK313	BÓK313
DAN102	DAN102		DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102
DAN103	DAN103		DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103
	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202
	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203
DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212
			DAN303	DAN303		DAN303	DAN303	DAN303	DAN303	DAN303	
							DAN403	DAN403	DAN403	DAN403	
	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103
	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113
	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203
	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303
		EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403
	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103
							EFN203	EFN203	EFN203	EFN203	EFN203
							EFN303	EFN303	EFN303	EFN303	EFN303
							EFN313	EFN313	EFN313	EFN313	EFN313
	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102
ENS103	ENS103		ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103
		ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202
	ENS203		ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203
	ENS212		ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212
	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303
	ENS373		ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373
				ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403
			ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423
						ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433
						ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503
								ENS603	ENS603	ENS603	ENS603
							ENS613				
	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103
	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203
	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303
					FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313
									FJÁ102	FJÁ102	FJÁ102





	TÖN101	TÖN101	TÖN101	TÖN101	TÖN101						TÖL303
TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102
	TÖN111	TÖN111	TÖN111	TÖN111	TÖN111						
									TÖN112	TÖN112	TÖN112
	TÖN121	TÖN121	TÖN121	TÖN121	TÖN121						TÖN121
	TÖN131	TÖN131	TÖN131	TÖN131	TÖN131						
	TÖN141	TÖN141	TÖN141	TÖN141	TÖN141						
				TÖN151	TÖN151						
	TÖN201	TÖN201	TÖN201	TÖN201	TÖN201						
TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202			
		TÖN211	TÖN211	TÖN211	TÖN211						
	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302
				TÖN311	TÖN311						
	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312
								UPP103	UPP103	UPP103	UPP103
VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101
	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201		
ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103
	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202		ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202
			ÞJÓ302	ÞJÓ302		ÞJÓ302	ÞJÓ302	ÞJÓ302	ÞJÓ302	ÞJÓ302	ÞJÓ302
							ÞJÓ303	ÞJÓ303	ÞJÓ303	ÞJÓ303	ÞJÓ303
	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102
ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103
	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202
	ÞÝS203		ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203
	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212
		ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303
				ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403
							ÞÝS503	ÞÝS503	ÞÝS503	ÞÝS503	ÞÝS503
								ÞÝS603	ÞÝS603	ÞÝS603	ÞÝS603